



Alþingi
Nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar og utanríkismálanefndar

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. maí 2019

Efni: Umsögn SI um þingmál vegna þriðja orkupakka ESB

1. Almennt

Samtök iðnaðarins (SI) vísa til tölvupósta utanríkismálanefndar og atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 11. og 12. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um ýmis þingmál vegna innleiðingar á þriðja orkupakka ESB. Nánar tiltekið um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, 777. mál, tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 791. mál, frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun, 782. mál, og frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, 792. mál.

SI vilja með erindi þessu senda sameiginlega umsögn um framangreind mál til atvinnuveganefndar og utanríkismálanefndar Alþingis enda telja samtökin mikilvægt, sem og samhengisins vegna, að fjallað sé saman um þau þingmál sem hér liggja til grundvallar þó svo að þau heyri undir ólíkar þingnefndir.

Fyrir það fyrsta er með þingsályktunartillögu í máli nr. 777 leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn þær gerðir sem tilgreindar eru í tillögu greininni og varða innri markað með raforku og jarðgas sem og heimild til að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði.

Eins og fram kemur í umræddri þingsályktunartillögu kallar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB, og er hluti af þriðja orkupakkanum, á lagabreytingar hér á landi og því var ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um að fella inn í EES-samninginn orkupakkann, tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Bæði Noregur og Liechtenstein hafa þegar aflétt sambærilegum stjórnskipulegum fyrirvara af sinni hálfu en ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar tekur þó ekki gildi fyrr en öll EFTA-ríkin innan EES hafa aflétt fyrirvaranum, þ.e. í þessu tilviki þegar Ísland hefur aflétt sínum fyrirvara.

Með þingmálum nr. 782, 791 og 792 eru svo lagðar til einstaka breytingar á raforkulögum og þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem sækja stoðir sínar í þær EES-gerðir sem undir áður nefndan orkupakka falla, þ.m.t. hlutverk og sjálfstæði Orkustofnunar sem eftirlitsaðila með sérleyfishluta hins íslenska orkumarkaðar.

SI hafa kynnt sér framkomin þingmál sem og þær EES-gerðir sem eru hluti af þriðja orkupakkanum og óska samtökin eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað þau mál og orkupakkann sjálfan varða.

2. Mikill ávinningur af EES-samningnum

SI benda á að í þann aldarfjórðung sem liðinn er frá gildistöku EES-samningsins hafa íslensk fyrirtæki haft aðgang að innri markaði Evrópu með frjálsu flæði fólks, vöru, þjónustu og fjármagns. Sem lítið og landfræðilega einangrað land byggja lífsgæði okkar því að miklu leyti á frjálsum



viðskiptum við önnur lönd. EES-samningssvæðið er mikilvægasti markaður íslenskra útflutningsfyrirtækja og er umtalsverður ábati af tollfríðindum á hérlendar útflutningsvörur. Þá höfum við aðgang að margfalt stærri vinnumarkaði með frjálsu flæði fólks innan EES og leiðir sá aðgangur til aukinnar verðmætasköpunar í samfélaginu. Mikill meirihluti þess 37.000 erlenda launafólks sem starfar hér í dag kemur frá EES-rikkjum. Þá hefur fjöldi Íslendinga fengið tækifæri til að læra og starfa í EES-rikkjum og afla sér þannig mikilvægrar þekkingar og reynslu sem skilar sér í mörgum tilfellum aftur hingað heim. Ávinningurinn af þátttöku Íslands í samstarfi á vettvangi EES-samningsins er því ótvíræður og sú verðmæti sem af samstarfinu hljótaska auka lífskjör á Íslandi fyrir alla landsmenn.

Almennt séð jafna samræmdar reglur á EES-svæðinu samkeppnishæfni fyrirtækja á samningssvæðinu en að sama skapi er einnig mikilvægt að Ísland gangi ekki lengra en önnur EES-ríki þegar íþyngjandi reglur eru lagðar á atvinnulífið. Í landi þar sem launastig er hátt og skattar á atvinnulíf háir í alþjóðlegu samhengi er ekki á það bætandi að fyrirtæki þurfi að hlíta meira íþyngjandi reglum en samkeppnisaðilar þeirra í öðrum löndum. Eins eiga íslensk stjórnvöld að halda sérstöðu Íslands með skýrum hætti til haga gagnvart bæði framkvæmdastjórn ESB sem og á vettvangi sameiginlegu EES nefndarinnar.

SI benda á að eftirfylgni með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um innleiðingu þriðja orkupakkans hefur áhrif á víðtæka hagsmuni á vettvangi EES-samningsins, þ.m.t. útflutning á vörum og hugviti er fellur undir IV. viðauka samningsins, en í versta falli kann dráttur á innleiðingu eða synjun á orkupakkanum að hafa enn víðtækari áhrif enda ekki fordæmi þess að til slík aðstaða hafi verið uppi áður. Til upplýsingar þá falla undir IV. viðauka EES-samningsins jafnt kröfur um innri orkumarkað sem og orkumerkingar, en undirorpin síðari flokknum eru t.a.m. kröfur um merkingar á raftækjum á innri markaði EES. Þannig þurfa öll raftæki að vera CE-merkt til að hafa aðgengi að innri markaði EES, og ákveðnir flokkar raftækja þurfa einnig orkumerkingar og gildir það sama um þau raftæki sem flutt eru inn til Íslands frá EES-svæðinu. Þá tekur sá viðauki einnig til eldsneytis, þ.m.t. framleiðslu á hérlendu eldsneyti líkt og metanóli. Vísast hér m.a. til umfjöllunar um þessi mál undir 1. tölul. í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn í þingskjali 1315, 64. mál, á yfirstandandi löggjafarþingi. Það er því verulegt hagsmunamál fyrir hérlend hátækni- og nýsköpunarfyrirtæki, sem vinna m.a. að grænum orkulausnum og vilja koma vöru sinni á framfæri inn á innri markað EES, þar sem þær mynda grunninn að markaðsaðgengi fyrirtækjanna, að slíku markaðsaðgengi sé viðhaldið á grundvelli EES-samningsins, og þ.m.t. IV. viðauka hans.

3. Þriðji orkupakkinn

Eins og fram kemur í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu í 777. máli samanstandur þriðji orkupakki ESB af fimm gerðum bandalagsins um orkumál, sem leysa annan orkupakka af hólmi, og skilgreindar eru sem EES tæk mál, þ.e. að þær heyra undir gildissvið EES-samningsins. Ástæða þess er sú að orka hefur verið skilgreind sem vara í skilningi EES-samningsins og því undirorpin fjórfrelsisákvæði samningsins, þ.m.t. IV. viðauka samningsins. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, frá 5. maí 2017 var orkupakkinn tekinn upp í EES-samninginn. Hins vegar segir í ákvörðuninni að tilskipun 2009/73/EB og reglugerð nr. 715/2009, sem fjalla um markað fyrir jarðgas, gildi ekki um Ísland.

Rétt er þó að taka fram að á meðan Ísland er ekki tengt innri raforkumarkaði EES með sæstreng þá hefur reglugerð um skilyrði fyrir aðgang að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri í raun ekki gildi hér á landi, þótt skylda hvíli á Íslandi að innleiða þá reglugerð, sbr. innleiðing á eldri reglugerð sama efnis, þ.e. reglugerð nr. 284/2010 um innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003, um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri. Það skal einnig áréttað að sú reglugerð felur ekki í sér kvöð gagnvart íslenskum stjórnvöldum að stuðla að slíkri tengingu, heldur eingöngu um að ræða sameiginlegar reglur sem gilda um slík viðskipti komi til tengingar. Því er óumdeilt að stjórnvöld hafa þegar á fyrri stigum talið samræmast samstarfi á grundvelli EES-samningsins að innleiða sameiginlegar reglur um viðskipti með raforku á milli landa þó svo slík tenging sé ekki uppi á borðum eða fyrirhuguð enda alfarið háð ákvörðun stjórnvalda og Alþingis að heimila slíka tengingu. Ekkert í fyrirbyggjandi orkupakka, þeim þriðja eða forverum hans, felur þannig slíka kvöð eða grundvallarbreytingu á sér.



Raforkutílskipun 2009/73/EB felur í sér einstaka breytingar frá tílskipun 2003/54/EB sama efnis, einkum hvað varðar starfsemi eftirlitsaðila, viðskipti með raforku milli landa og frekari aðskilnað milli fyrirtækja. Fylgir tílskipunin þeirri stefnu sem mörkuð var með eldri tílskipunum, s.s. opnun á samkeppni á raforkumarkaði, afhendingaröryggi raforku, eftirlit og neytendavernd, en horfa til bóta í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd þeirra tílskipana. Helstu breytingar sem tílskipunin hefur í för með sér, og eru til fyllingar fyrri tílskipunum sama efnis, eru skýrari reglur um aðgreiningu flutningsfyrirtækja frá framleiðslu- og sölufyrirtækjum raforku, ítarlegri reglur um landsbundið eftirlit, aukna neytendavernd og málefni er varða viðskipti yfir landamæri. Endurspeglast þetta einnig í samsvörunartöflu í II. viðauka við tílskipunina þar sem gerð er grein fyrir nýjum ákvæðum. Er því ekki um að ræða sérstök nýmæli í þeirri tílskipun, s.s. hvað varðar markaðsvæðingu raforku eða meinta skyldu til að tengja hinn innlenda raforkumarkað við innri raforkumarkað ríkja innan EES.

Hvaða varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð sama efnis nr. 1228/2003 þá benda SI á að eldri reglugerð hefur þegar verið innleidd hér á landi með áðurnefndri reglugerð nr. 284/2010 og því áréttast að þeirri reglugerð, um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, fylgir ekki þjóðréttarleg kvöð um að samþykkja hér á landi lagningu á sæstreng heldur frekar um að ræða nánari ákvæði komi til þess að slík ákvörðun verði tekin af hólendum stjórnmöldum.

Til viðbótar þeim breytingum sem lagðar eru til með nýrri raforkutílskipun þá eru ýmis nýmæli að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 um Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER). Segja má að hér sé um að ræða eina helstu breytingu í orkupakkanum en ACER leysir af hólmi forvera sinn, þ.e. ERGEG (e. European Regulator's Group for Electricity and Gas), þó þannig að ACER er veitt víðtækara hlutverk en áður á afmörkuðum sviðum. Verkefni ACER snúa einna helst að því að tryggja enn frekari opnun á raforkumarkaði og yfirstíga ýmsar aðgangshindranir inn á flutningskerfi hins sameiginlega raforkumarkaðar EES. Í þessu felst bæði eftirlit sem og heimild til að gefa út álit, leiðbeiningar eða taka ákvarðanir, þ.m.t. samþykkt á ákvörðunum landsbundinna eftirlitsaðila, skilmálum og skilyrðum og loks veita undanþágur.

Hvað Ísland varðar þá er hlutverk ACER að óbreyttu ekkert hvað hólendar aðstæður varðar enda taka verkefni þessa samstarfsvettvangs fyrst og fremst til álitamála *vegna raforkuflutnings á milli landa*. Á meðan íslenska raforkukerfið er ekki samtengt innri raforkumarkað þá er aðkoma samstarfsvettvangsins að hólendum málefnum takmarkað, eða svo gott sem ekkert, og að sama skapi þarf sá samstarfsvettvangur því ekki t.d. að samræma ólík sjónarmið landbundinna eftirlitsaðila, enda á Orkustofnun hér á landi ekki í slíkum samskiptum við erlendar systurstofnanir. Því telja SI að valdsvið og verkefni þessa samstarfsvettvangs eigi að óbreyttu lítið sem ekkert við um hólendan markað.

4. Eftirlit á raforkumarkaði verði fullnægjandi

SI hafa lagt á það ríka áherslu að hér á landi sé skilvirkt eftirlit með raforkumarkaði, bæði með samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi þess markaðar. Tengist þetta einnig þeirri skýru kröfu SI að stuðlað verði að fullum aðskilnaði fyrirtækja á raforkumarkaði, sér í lagi að skilja alfarið á milli tengsla flutningsfyrirtækis/dreifiveitna og framleiðslufyrirtækja, umfram þann aðskilnað sem þegar hefur átt sér stað á grundvelli raforkulaga. Taka SI þar undir ítrekaða gagnrýni Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlitsins. Þannig verði unnt að stuðla að virkari samkeppni á raforkumarkaði, þ.m.t. að auka samkeppni í framleiðslu og sölu raforku.

Að mati SI er mikilvægt að stuðla að enn skýrara eftirliti með raforkufyrirtækjum en samtökin telja að eftirlit með þessum þáttum sé enn ekki fullnægjandi. Vísast hér m.a. til úttekta norsku systurstofnunar Orkustofnunar, þ.e. Norges vassdrags- og energidirektorat (NVE), á starfsemi Orkustofnunar frá árinu 2011, sem birt var 1. júlí s.á., þar sem gerðar voru verulegar athugasemdir hvað varðar eftirlit stofnunarinnar. Þrátt fyrir að þegar hafi verið brugðist við einstökum



athugasemdom telja SI að enn sé þörf á frekari úrbótum, og vísast hér einnig til enn ríkari krafna sem gerðar eru til eftirlitsins samkvæmt þriðja orkupakkanum.

Að sama skapi er eftirlit með samkeppnisstarfsemi á raforkumarkaði enn lítið sem ekkert sem vekur furðu að mati SI enda má draga þá ályktun að umfang fyrirtækja í framleiðslu raforku á samkeppnismarkaði, þar sem eitt fyrirtæki er með yfir 70% af framleiðslu á einni hendi, beri öll merki þess að hér á landi sé fákeppni í framleiðslu sem ætti að kalla á ríkt aðhald samkeppnisyfirlit með þeirri starfsemi.

Því telja SI að auknar kröfur til eftirlits og starfsemi eftirlitsaðila sem kveðið er á um í þriðja orkupakkanum, nánar tiltekið í raforkutílskipun þess pakka, sé til þess fallið að koma á skýrara eftirliti með starfsemi raforkufyrirtækja, jafnt atvinnulífi sem og almenningi til hagsbóta.

Eftir sem áður gjalda SI þess varhug að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun, sbr. 782. mál, um sjálfstæði raforkueftirlits Orkustofnunar, uppfylli þær kröfur sem raforkutílskipunin gerir til sjálfstæðs eftirlitsaðila. Þó svo að vísað sé þar til framkvæmdar í Noregi þá er rétt að ítreka að sú framkvæmd norskra yfirvalda er ekki hafin upp yfir allan vafa og hefur t.a.m. ekki hlotið staðfestingu sem fullnægjandi aðgerð af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Er álitamál því hvort sú framkvæmd samræmist ströngum kröfum um sjálfstæði eftirlitsaðila. Því væri nærri lagi fyrir héraend stjórnvöld að ganga úr fullum skugga um það, m.a. í samráði við ESA, að sú tilhögun sé í samræmi við kröfur þriðju raforkutílskipunarinnar. Ítrekast að sjálfstæður eftirlitsaðili, sem hefur eftirlit með raforkufyrirtækjum í opinberri eigu, þ.e. bæði í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, er grundvallarforsenda þess að slík opinber fyrirtæki starfi innan ramma þeirra laga og reglna sem þeim er settur.

Í ljósi þessa telja SI að ákvæði 3. gr. frumvarps til breytinga á raforkulögum, þar sem lagðar eru til breytingar á 24. gr. raforkulaga og 1. gr. laga um Orkustofnun um eftirlit Orkustofnunar, feli á engan hátt í sér fullnægjandi kröfur um sjálfstæði stofnunarinnar og séu þ.a.l. ekki í samræmi við þær kröfur um sjálfstæði eftirlitsaðila sem tilskipun 2009/73/EB kveður á um, sbr. IX. kafla tilskipunarinnar.

5. Samkeppni á raforkumarkaði til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf

SI benda á að samkeppni á raforkumarkaði hefur þegar verið komið á með fyrsta og öðrum orkupakka ESB sem þegar hafa verið teknir upp í EES-samninginn og leiddir í lög hér á landi með raforkulögum, nr. 65/2003, sem og þeim stjórnkerfisbreytingum sem þeirri breytingu fylgdu, s.s. aðskilnaður Orkustofnunar og ÍSOR svo dæmi sé tekið. Þar af leiðandi felur þriðji orkupakkinn ekki í sér grundvallarbreytingu hvað það markmið varðar heldur er, eins og áður segir, um að ræða nánari útfærslu á þeirri stefnu sem mörkuð var með fyrri orkupökkum sem og setningu raforkulaga.

SI eru jákvæð hvað varðar samkeppni á raforkumarkaði til hagsbóta fyrir bæði almenning og atvinnulíf. Eins og með aðra samkeppnismarkaði þá þarf að huga að starfsháttum og viðskiptum á slíkum mörkuðum og hafa SI t.a.m. verið gagnrýnin á þá fákeppni sem til staðar er hvað varðar héraendraforkuframleiðslu. Slík gagnrýni snýr hins vegar að héraendri uppbyggingu þess markaðar og markaðshindrunum sem til staðar eru umfram samevrópskt regluverk á því sviði. Er því mikilvægt að huga að, sbr. umfjöllun hér að framan, eftirliti með fyrirtækjum á markaði sem mörög hver starfa í skjóli opinbers eignarhalds eða opinberrar stefnumörkunar.

6. Sæstrengur samrýmist ekki stefnu Samtaka iðnaðarins

Í umræðu um þriðja orkupakkann hefur borist í tal að innleiðing hans feli í sér skyldu til þess að leggja hér sæstreng með raforku. Hvað það varðar benda SI á að hvergi er í umræddum orkupakka að finna slíka kvöð á íslenska ríkið og taka samtökin alfarið undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að slík framkvæmd er eingöngu og alfarið háð samþykki héraendraforkuvalda.



Þá telja SI að þriðji orkupakkinn leggi ekki til frekari kröfur, en nú þegar gilda samkvæmt fyrri orkupökkum.

Hvað sæstreng almennt varðar þá benda SI á að raforkustefna samtakanna, frá árinu 2016, sbr.: <https://www.si.is/malaflokkar/orku-og-umhverfismal/raforkustefna-si>, felur í sér skýra áherslu á að raforka framleidd á Íslandi skuli nýtt til verðmætasköpunar innanlands enda er öfluur iðnaður undirstaða búsetu og verðmætasköpunar. Þó svo að þriðji orkupakkinn hafi ekki með lagningu sæstrengs að gera, þá má ráða af umræddri raforkustefnu SI að slík framkvæmd samræmist ekki stefnu SI eða hagsmunum aðildarfyrirtækja samtakanna.

Eins og fram kemur í þingmálum nr. 791 og 792 er lagt til að við raforkulög og þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku verði bætt ákvæði þess efnis að um tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng fari samkvæmt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þá er lagt til að við umrædda þingsályktun verði bætt við tölulið á þá leið að ekki verði ráðist í tengingu raforkukerfi landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng nema að undangengnu samþykki Alþingis. Skal það samþykki liggja fyrir áður en framkvæmdir sem varða slíka tengingu geta farið á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Til grundvallar slíkri ákvörðun Alþingis skal liggja heildstætt mat á umhverfis-, samfélags-, og efnahagslegum áhrifum slíkrar tengingar.

Í samræmi við áður nefnda áherslu SI um að innlend raforka skuli nýtt til verðmætasköpunar hér á landi hafa samtökin goldið varhug við þeim áformum sem uppi hafa verið um lagningu sæstrengs raforku frá Íslandi til Evrópu. Koma hér einnig til álita áhrif slíks tvíhliða flutningskerfis á sérstöðu íslensks raforkumarkaðar sem einangraðs kerfis sem byggt er upp á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Telja samtökin því varhugavert að þeirri sérstöðu skuli ógnað með tengingu við raforkumarkað sem grundvallast að verulegu leyti á nýtingu óendurnýjanlegra orkugjafa. Með slíkri framkvæmd er því verið að setja í hættu hérland markmið í loftslagsmálum og þeirri sérstöðu sem viðurkennd hefur verið í alþjóðasamstarfi á því sviði. Telja SI því jákvætt að ríkisstjórnin hafi samþykkt að draga til baka umsókn um sæstrengsverkefnið IceLink inn á fjórða PCI-listann (e. Projects of Common Interest) eins og fram kemur í frétt inni á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 22. mars sl.

Af gefnu tilefni telja SI mikilvægt að tekið verði á álitamálum hvað varðar sæstreng, sem og öðrum álitamálum, í boðaðri eigendastefnu fyrir Landsvirkjun sem hefur enn ekki litið dagsins ljós þrátt fyrir fyrirheit um að vinna við þá stefnu eigi sér stað. Vísast hér m.a. til ræðu fjármála- og efnahagsráðherra á ársfundi Landsvirkjunar 15. maí 2018 þar sem fram kom að unnið væri að slíkri stefnu í stjórnarráðinu. Þá vísast hér einnig til svars fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn um eigendastefnu Landsvirkjunar, sbr. þingskjal 620, 266. mál á 146. löggjafarþingi, þar sem fram kom að unnið væri að slíkri stefnu. Skora SI á ríkisstjórn að klára þá vinnu og setja fyrirtækinu eigendastefnu sem allra fyrst.

Með vísan til þessa leggjast SI ekki gegn markmiðum framangreindra þingmála og varða stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og tengingu landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng.

7. Vetrarpakkinn og sérstaða Íslands

Að gefnu tilefni benda SI að til umfjöllunar á vettvangi ESB er nú þegar fjórði orkupakkinn, þ.e. svokallaður „vetrarpakki“, þar sem liggur undir enn víðtækara regluverk en samkvæmt fyrstu orkupökkunum og felur sá pakki í sér breiðari skírskotun til umhverfis- og orkunýtnimála, s.s. orkunýtni bygginga. Að mati SI eru þar undirliggjandi ýmis hagsmunamál sem hafa frekari skírskotun til hérlendra hagsmunamála og aðstæðna en þriðji orkupakkinn. Á meðan þriðji orkupakkinn hefur takmarkaða skírskotun til hérlendra aðstæðna, umfram það að skerpa á þeim reglum sem þegar hafa verið settar á grundvelli fyrri orkupakka, er boðaður fjórði orkupakki mun víðtækari og því mikilvægt að áhersla verði lögð á að halda þar á lofti hérlendri sérstöðu, s.s. hvað varðar endurnýjanlega orkugjafa.



8. Niðurlag

SI ítreka að EES-samningurinn hefur síðasta aldarfjórðunginn átt ríkan þátt í aukinni hagsæld þjóðarinnar og búið bæði atvinnulífi og almenningi traustara réttarumhverfi. Það eru því ríkir hagsmunir að EES-samningurinn verði áfram sá grunnur sem Ísland byggir samskipti sín við Evrópusambandið á og tryggi þ.m.t. leið greiðari aðgang íslenskra fyrirtækja að stærri markaði en ella. Þar undir undir fellur einnig að íslenskar útflutningsvörur, s.s. raf- og rafeindatæki, eldsneyti og hugvit á því sviði, eru undirsettar kröfum sem m.a. kveðið er á um í IV. viðauka EES-samningsins og því verulegt hagsmunamál fyrir þjóðarbúið að þeim útflutningi verði ekki raskað.

SI telja engin efnisleg rök standa til þess að hérlend starfsemi og hagsmunir sem grundvallast á því hagræði sem EES-samningurinn felur í sér sé sett í uppnám vegna þessa máls.

Einnig ítreka SI að þær tillögur sem getið er um í þriðja orkupakkanum, og taka til hérlendra aðstæðna, eru viðbætur við þau ákvæði sem þegar gilda samkvæmt fyrra regluverki og kennt er við orkupakka ESB. Því er ekki um að ræða nýmæli heldur eingöngu verið að skerpa á þeim reglum sem þegar gilda, þ.m.t. kröfum um eftirlit, neytendavernd, orkuöryggi og virkari samkeppni. Öðru máli gildir um fjórða orkupakkann eins og hér að framan greinir og brýna SI íslensk stjórnvöld til að halda á lofti sérstöðu Íslands sér í lagi hvað varðar endurnýjanlega orkugjafa og þarf sú hagsmunagæsla að hefjast nú þegar.

Í ljósi framanritaðs mælast SI með því að umrædd þingmál verði samþykkt og að þriðji orkupakkinn verði þ.a.l. samþykktur hér á landi.

SI ítreka þó framangreinda athugasemd hvað varðar sjálfstæði Orkustofnunar sem eftirlitsaðila með sérleyfishluta raforkumarkaðarins sem samtökin telja ekki samræmast að fullu þeim kröfum sem gerðar eru til eftirlitsaðila samkvæmt IX. kafla tilskipunar 2009/73/EB.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirliggjandi þingsályktunartillögu. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Sigríður Hannesson', is written over a horizontal line.

Framkvæmdastjóri